



Framkvæmda- fréttir

2. tbl. /04

Nýtt skipurit Vegagerðarinnar

Síðastliðið ár hefur verið unnið að endurskoðun skipurits Vegagerðarinnar og skipulags á landsvísu. Ráðgjafi við verk-ið var IBM - viðskiptaráðgjöf. Þessari vinnu er nú lokið og samgönguráðherra hefur samþykkt nýtt skipurit. Það tekur formlega gildi 1. mars. Þessar vikurnar er verið að kynna breytingarnar fyrir starfsmönnum Vegagerðarinnar um land allt. Síðar verður svo fjallað ítarlega um nýtt skipurit og skipulag hér í Framkvæmdafréttum.

Undanfarin ár hafa ýmsar breytingar orðið á ytra umhverfi Vegagerðarinnar. Þar má nefnda breytingu á kjördæmaskipan landsins og ný lög um samgönguáætlun sem marka ramma fyrir aukið samstarf og samvinnu við aðrar stofnanir á samgöngusviði. Sveitarfélög hafa sameinast og þar með hefur fækkað viðskiptaaðilum á því stjórnáslustigi.

Útboð verka er fyrir löngu orðin meginregla í nýframkvæmdum Vegagerðarinnar og það sama má segja að verulegu leyti um viðhaldsverk. Útboð á ráðgjafajónustu hefur farið vaxandi og á eftir að aukast. Rekstur og þjónusta á vegakerfinu er hins vegar enn aðeins í litlum mæli boðin út, að vetrarþjónustu undanskilinni.

Þær breytingar sem nú eru gerðar miða að því að aðlaga starfsemina að breyttu umhverfi, einingar eru stækkaðar og lögð áhersla á samræmingu með stöðluðu vinnulagi innan stofnunarinnar. Þá er horft til aukinnar skilvirkni og þar með bættrar nýtingar fjármuna til vegagerðar. Verkefni miðstöðvar sem snúa að stjórnáslu, gerð staðla og verklýsinga er afmarkað skýrar en áður. Nokkrir þættir þeirrar starfsemi eru fluttir í stöðvar úti á landi. Starfsemi eininga utan miðstöðvar er breytt og betur dregið fram það meginhlutverk að byggja, halda við og reka vegakerfið.

Engar uppsagnir verða við þessar breytingar en verkefni eru færð til og ný verkefni flutt út á land. Mannahald á öllum starfsstöðvum er að mestu óbreytt en nýir stjórnunarþættir opna möguleika á frekari flutningi verkefna úr miðstöð í Reykjavík út á landsbyggðina.

Í nýju skipulagi er landinu skipt í fjögur svæði sem að mestu fylgja núgildandi kjördæmamörkum. Svæðum verður stjórn-að af svæðisstjóra sem hefur aðsetur í svæðismiðstöð.

Á Selfossi er svæðismiðstöð fyrir *Suðursvæði*. Þjónustustöðvar eru á Selfossi, í Vík og á Höfn. Sú síðastnefnda verður þó með stjórnun frá Reyðarfirði.

Suðvestursvæði nær yfir höfuðborgarsvæðið og Suðurnes. Svæðismiðstöð er í Reykjavík og þjónustustöð í Hafnarfirði.

framhald á baksíðu



Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri (t.v.) og Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri kynna nýtt skipulag fyrir starfsmönnum Vegagerðarinnar í Reykjavík og á Reykjanesi á Grand hótél, 21. janúar.

Rannsóknir 2004

Umsóknarfrestur til 16. febrúar

Rannsókn- og þróunarstarf Vegagerðarinnar er að mestu fjármagnað af svonefndu tilraunafé. Umsóknir um styrki og/eða fjármögnun einstakra verkefna þurfa að berast á tilskildum eyðublöðum fyrir 16. febrúar næstkomandi. Unnt er að nálgast eyðublöðin á heimasíðu Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is) undir Rannsóknir og þróun / Rannsóknarverkefni. Athygli er vakin á því að búið er að endurnýja umsóknarformið og er því ekki um sama eyðublað að ræða og á árinu 2003. Fylla þarf eyðublaðið út á netinu. Hluta þess fjármagns sem er til ráðstöfunar verður nú varið til verkefna sem stofnunin sjálf vill láta vinna að á árinu, þannig að minna fé verður veitt til verkefna sem sótt er um.


Aðilar innan og utan Vegagerðarinnar geta sótt um fjárfraðslög. Rannsóknarráð stofnunarinnar sér um úthlutun. Nánari upplýsingar gefa Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarviðs (hreinn.haraldsson@vegagerdin.is) og Ásdís Guðmundsdóttir, deildarstjóri rannsókna og þróunar (asdis.e.gudmundsdottir@vegagerdin.is).

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 2. tbl. 12. árg. nr. 359 26. jan. 2004

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is


Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



0 10 20 30 40 50 km

Mælikvarði 1 : 1 300 000





Bundið slitlag í árslok 2003

———— Bundið slitlag á
þjóðvegum í árslok 2002

———— Bundið slitlag á
þjóðvegum lagt árið 2003

Bundið slitlag á þjóðvegum
er alls 4.320 km (Bráðabirgðatala)

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvara-
laust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
04-004 VI. Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
04-006 Nv. Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	04
04-003 VI. Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka, 1. áfangi	04
04-016 Ne. Grenivíkurvegur (83), snjóastaðir	04
04-008 Nv. Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá 2004	04
04-019 Ne. Brekkuselsvegur, skíðasvæðið á Dalvík	04
04-018 Ne. Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk	04
03-033 Ne. Ólafsfjarðarvegur (82), brú á Hörgá	04
03-005 Nv. Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2004	04
04-014 Nv. Klæðingar á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-013 Nv. Mölbúður með malardeifara á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-007 Nv. Þverárfjallsvegur (744), Tunga - Sauðárkrókur 2004-2005	04
04-012 Nv. Landgræðsla á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-010 Nv. Efrbyggðarvegur (751), Álfgeirsvellir - Skagafjarðarvegur 2004	04
04-017 Ne. Hlíðarfjallsvegur (837) um Hlíðarbraut	04
04-009 Nv. Vatnsdalsvegur (722), Hvammur - Steinkot 2004-2005	04
04-011 Nv. Hegranesvegur (764), Sauðárkrókur - Helluland 2004	04
04-002 VI. Hálsasveitarvegur (518), Stóri-Ás - Húsafell	04
04-015 Nv. Yfirborðsmerkingar, sprautuplast 2004-2005	04
04-090 Sl. Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)	04
02-015 Sl. Hringvegur (1) við Hellu	04
03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 2. áfangi	04
03-095 Au. Mjóafjarðarvegur (953) um Klifbrekku	04
01-017 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	04
03-091 Sl. Laugarvatnsvegur (37) um Brúará	04
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	04
03-084 Rn. Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	04
03-092 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirit	04
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	04
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging 2. áfangi	04
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), Sómastaðir - Hólmar	04


Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
03-098 Au. Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð, eftirlit	12.01.04	10.02.04
03-100 Rn. Kringlumýrarbraut - Miklabraut, frumdrög og mat á umhverfisáhrifum	12.01.04	03.02.04
03-101 Rn. Arnarnesvegur (411) um Leirdal, 1. áfangi	12.01.04	27.01.04
04-001 Rn. Arnarnesvegur (411) um Leirdal, eftirlit	12.01.04	27.01.04
03-064 Au. Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð	08.12.03	27.01.04
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
03-014 Rn. Hringvegur (1), gatnamót við Nesbraut, hönnun, fyrri opnun	01.12.03	23.12.03
03-081 Au. Hringvegur (1) um Össurá og Hlíðará í Lóni	20.10.03	04.11.03
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
03-096 Sl. Markarfljót, varnargarðar neðan Hringvegur <i>Árni Pálsson</i>	01.12.03	09.01.04

framhald af forsíðu

Svæðismiðstöð fyrir *Norðvestursvæði* er í Borgarnesi. Þar verður yfirumsjón með áætlunum og hönnunarkaupum á svæðinu og einnig viðhaldi og þjónustu. Umdæmisstjóri á Ísafirði hefur yfirumsjón með nýframkvæmdum á svæðinu. Umdæmisstjóri á Sauðárkróki mun stjórna árangurs- og eftirlitsverkefnum á landsvísu. Í því fellst gæðaeftirlit með nýbyggingar-, viðhalds-, og þjónustuverkefnum. Einnig umsjón með skilamati, árangursmælingar og gerð áætlana um umferðaröryggisaðgerðir. Þjónustustöðvar eru eftirtaldar eins og verið hefur: Borgarnes, Ólafsvík, Búðardalur, Patreksfjörður, Ísafjörður, Hólmavík, Hvammstangi og Sauðárkrókur. Tilsjón og verkstjórn verður í höndum næsta umdæmisstjóra eins og verið hefur.

Svæðismiðstöð fyrir *Norðaustursvæði* er á Akureyri. Þar verður yfirumsjón með áætlunum og hönnunarkaupum á svæðinu og einnig nýframkvæmdum. Umdæmisstjóri á Reyðarfirði hefur yfirumsjón með viðhaldi og þjónustu á svæðinu. Á Akureyri verður öflug hönnunardeild sem starfar á landsvísu. Þjónustustöðvar eru eftirtaldar eins og verið hefur: Akureyri, Húsavík, Þórshöfn, Vopnafjörður, Fellabær, Reyðarfjörður. Tilsjón og verkstjórn verður í höndum næsta umdæmisstjóra eins og verið hefur. Þjónustustöð á Höfn er stjórnað frá Reyðarfirði þótt hún tilheyri Suðursvæði.

Með nýju skipulagi er stefnt að því að laga Vegagerðina að breyttum ytri aðstæðum og gera hana þannig hæfari til að takast á við ný verkefni og nýja tíma.



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 19. janúar 2004. Samtals er búið að sprengja 2.602 m sem gerir 45%.